

Frystihúsin skulu vera útbúin með frystivélum, sem hafa hæfilega kæliorku miðað við einangrun og stærð húsanna.

**81**  
6. sept.

5. gr.

Hverju frystihúsi skal skipt að minnsta kosti í þrennt, sem sé forkælirúm, þar sem kjötið sé kælt undir frystingu, frystiklefa, einn eða fleiri, með nægu frostmagni til að frysta kjötið á hæfilegum tíma og loks geymslurúm, þar sem kjötið er geymt þangað til það á að flytjast burtu, og sé kæliorka frystivélanna svo mikil, að hægt sé að halda hitastigi í geymsluklefanum að minnsta kosti átta stigum undir frostmarki á Celsiuss mæli.

6. gr.

Um nánari útbúnað sláturhúsa og frystihúsa og meðferð kjötsins í þeim ber að fara eftir fyrirmælum hlutaðeigandi kjötmatsmanna, yfirkjötmatsmanna og dýralækna eða annara lækna, sem annast skoðun og merkingu kjötsins.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. sept. 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

-----  
*Vigfús Einarsson.*

**ERINDISBRÉF**

**82**  
6. sept.

fyrir

**yfirkjötmatsmenn.**

1. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu kynna sér sem best alla verkun og meðferð á saltkjöti, einnig þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir neytendur og kaupendur, eða umboðsmenn þeirra hér á landi, gera til kjötverkunar. Skal að minnsta kosti einn þeirra hafa sérþekkingu á kjötfrystingu og meðferð á frystu kjöti og hafa yfir-efirlit með flokkun þess, meðferð allri og útflutningi.

82

6. sept.

2. gr.

Yfirmatsmenn skulu leggja kapp á að fullnægt verði á viðunanlegan hátt þeim kröfum, sem gerðar verða til þess, að slátrun, kjötgeymsla og verkun kjötsins geti verið í sem beztu lagi, miðað við meðferð á kjöti þar sem henni er bezt á veg komið.

Sömuleiðis skulu þeir leita allra fáanlegra upplýsinga um skemmdir á kjöti, er fram kunna að koma, og leita að orsökum þeirra.

3. gr.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að heilbrigðisskoðun á kjöti sé ekki framkvæmd af öðrum en þeim, sem fengið hafa löggildingu stjórnarráðsins til þess starfa.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, hverjir skipaðir skuli kjötmatsmenn. Skal vanda val þeirra eftir því sem kostur er á. Þar sem um frysting á kjöti til útflutnings er að ræða, skulu kjötmatsmenn hafa aflað sér nauðsynlegrar sérþekkingar að því leyti, og skal sá yfirkjötmatsmaður, sem hefir sérþekkingu á kjötfrystingu og meðferð á frystu kjöti, gera tillögur um skipun kjötmatsmanna á þeim stöðum.

5. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt á tímabilinu frá 1. sept. til loka sláturtíðar, og haga ferðum þannig, að eftirlitið komi að sem beztum notum. Þeir skulu hvarvetna líta eftir öllu því, er við kemur slátrun og kjötverkun og finna að því, sem ábótavant er. Þeir skulu leiðbeina eftir beztu föngum þeim, sem kjöt hafa til útflutnings eða fást við kjötverkun, og leitast við að ná sem beztri samvinnu við alla hlutaðeigendur.

Sérstaklega er nauðsynlegt að sá yfirkjötmatsmaður, sem hefir sérþekkingu á frystu kjöti, ferðist milli allra frystihúsa, sem taka útflutningskjöt til frystingar og sjái um að allur útbúnaður þeirra sé samkvæmt lögum og reglum, sem gilda um þau, og að öll meðferð á frystu kjöti sé í lagi.

6. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu segja kjötmatsmönnum fyrir um kjötmatið, leiðbeina þeim í öllu, sem starfinu við kemur, og yfirleitt kosta kapps um, að þeir verði sem færastir um að meta kjötið.

7. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu skera úr öllum ágreiningi, sem kann að koma fyrir við kjötmatið.

## 8. gr.

82

Nú verða yfirkjötmatsmenn þess visir, að einhver kjötútflytjandi brýtur á móti ákvæðum kjötmatslaganna og ber þeim þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust. 6. sept.

## 9. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu að loknum starfstíma sínum ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um störf sín. Skal í þeirri skýrslu tekið fram um tölu sláturfjár og kjötmagn á hverjum útflutningsstað.

## 10. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu leita eftir vel hæfum mönnum, er hægt sé að benda á til að taka við yfirkjötmatsstarfinu, þegar á þarf að halda. Skulu þeir veita þeim, sem við tekur, alla þá fræðslu, er þeir geta í té látið, svo hann verði sem hæfastur til að leysa starfið vel af hendi.

## 11. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlýta erindisbréfi þessu, og með alúð og samvizkusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

## 12. gr.

Erindisbréf fyrir yfirkjötmatsmenn frá 27. des. 1926 er úr gildi fallið.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. sept. 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*